

**Nr. 18-087 S 059 Tjaldur SH 270*****Skipverji slasast við fall***

*Skipaskr.nr.* 2158  
*Útgerð:* KG Fiskverkun ehf.  
*Smíðaður:* Noregi, 1992 stál  
*Stærð:* 411,7 brl. 206,4 bt.  
*Mesta lengd:* 43,21 m *Skráð lengd:* 39 m  
*Breidd:* 9 m *Dýpt:* 6,8 m  
*Vél:* Caterpillar 735 kW 1992  
*Fjöldi skipverja:* 14



Tjaldur©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNSA

*Málið afgreitt á fundi 24. maí 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 23. maí 2018 var Tjaldur SH 270 á línuveiðum á Breiðafjarðamiðum. Veður: NNV 4 m/s.

Skipverjar voru að byrja að leggja línuna þegar einn þeirra hrasaði í stiga niður í lagningarrýmið með þeim afleiðingum að hann þróbrotnaði á ökla.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skipverjinn var nýbúinn að fleygja út færinu og var á leið til baka;
- að áhættumat hafði verið framkvæmt munnlega en það tók ekki sérstaklega til stigans. Eftir slysið var það gert og settur nýr og breiðari stigi niður í lagningarrýmið.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.